

Steinull hf.  
Stefán Logi Haraldsson  
Skarðseyri 5  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 16. október 2020  
UST202003-314/gf  
08.08.02

### **Varðar reglubundið eftirlit 2020 – steinullarverksmiðja Steinullar hf. á Sauðárkróki**

Þann 24.9.2020 fór fram eftirlit í steinullarverksmiðju Steinullar hf. á Sauðárkróki. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar um úrbætur voru settar fram en tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirlitinu.

1. Fyrra frávikið snýr að ákvæði í grein 2.8 í starfsleyfi og reglugerð 884/2017. Þar er ákvæði um forvarnir gegn olíumengun, en þykktarmæla skal olíugeyma á tíu ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á fimm ára fresti.

2. Hitt frávikið snýr að ákvæði í grein 2.2 í starfsleyfi, að rykmagni í útblæstri verksmiðjunnar og skal ryk vera undir  $30 \text{ mg/Nm}^3$ . Í síðustu mælingu var ryk of hátt en farið var í úrbætur. Enn á eftir að sýna fram á með mælingum að úrbæturnar hafi haft tilætluð áhrif.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9.11.2020.**

Virðingarfyllst.

Gottskálk Friðgeirsson

Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrít:**  
Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

Suðurlandsbraut 24      +354 591 2000  
108 Reykjavík      [www.ust.is](http://www.ust.is)  
Iceland

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



Dags eftirlits	24.8.2020	Abyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Steinull hf	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Logi Haraldsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn og Guðmundur	Staðsetning	470210,864 584942,812

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram. Frávik er skrá vegna stöðu rekstraraðila gagnvart ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um olíumengun frá starfsemi í landi. Rekstraraðili skal þykktarmæla olíugeyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa neðanjarðarlagnir á 5 ára fresti. Einnig að síðasta mæling á ryki í útblæstri sýnir að ryk er yfir losunarmörkum.

Fjórar ábendingar voru settar fram. Koma skal úrgangshaugum á baklöð í réttan farveg og óskað er eftir að rekstraraðili sendi útfyllt Excel-skjal með upplýsingum um olíugeyma í starfsstöðinni.

Þá er rekstraraðila bent á að ljúka afmörkun geymslusvæðis sem skal vera með takmarkaðan aðgang óviðkomandi. Boða skal til samráðsfundar á árinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Á fundinn voru mættir Stefán Logi Haraldsson, Rafn Ingi Rafnsson og Guðmundur Örn Guðmundsson, fulltrúar rekstraraðila Hlín Gísladóttir, Einar Halldórsson og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

### Skoðunarferð

Skoðun á starfsemi fyrirtækisins og moltugerð.

### Fundur

1. Staða frávika síðasta árs og úrbætur
2. Kröfur í starfsleyfi (frá 2008) og staða gagnvart þeim
3. Áhættumat um tíðni eftirlits
4. Olíumál og mengunarhætta- olíugeymar
5. Önnur mál

Í upphafi eftirlits var farið í skoðunarferð með framleiðslustjóra Steinullar hf., Rafni Inga Rafnssyni. Ferlar í verksmiðjunni voru vel útskýrðir og útivistæði skoðuð þ.m.t. moltugerð. Gengið var meðfram vesturhlíð verksmiðjunnar þar sem hráefni eru færð inn í þurrkara með færiböndum, meðfram hráefnagheymslu (basaltsandur, skeljasandur og ólivínsandur) í aðskildum steinsteyptum þróm. Einnig er notað súrál í framleiðslu steinullar. Áfram var gengið fram hjá olíugeymi og ammoníaksgeymi, en í bindiefni steinullarinnar er notuð fenól – formaldehyð kvoða í salmíaksblöndu. Norðan við verksmiðjuhúsið er moltugerðin. Umhverfisstofnun hefur úrskurðað að moltugerð rúmist ekki innan núverandi starfsleyfis. Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi sem leyfir moltugerð enda myndast steinullarafurð með óhertum bindiefnum og þarf að meðhöndla þessa afurð (brjóta niður óhertu lífrænu bindiefnin) eða farga úrgangi með flutningi á urðunarstað sem hefur leyfi til móttöku lífniðurbrjótanlegra efna.

Norðaustan við verksmiðjuhúsið er svæði þar sem safnast hefur upp úrgangur; jarðvegshaugar, timbur (bretti) og málmrar (tunnur og flutningsgámar). Rekstraraðila er bent á að í grein 2.14 segir að úrgangi skal skila á viðurkennan mótökustað fyrir úrgang. Eins segir í grein 4.1 að rekstraraðili skuli kappkosta að dregið skuli sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. meðferð úrgangs. Gengið hefur verið frá samkomulagi við sveitarfélagið um lóðarmörk og því er bent á að tímabært að uppfylla ákvæði í grein 2.6 í starfsleyfi en þar segir að geymslusvæði verksmiðjunnar skuli vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er takmarkaður.

Austan við verksmiðjuna er góðar með framleiðsluvörunni,lestun og losun flutningabíla fer þar einnig fram. Snyrtilegt er þar um að litast.

Því næst var sest á fund.

1. Engin frávik komu fram í eftirliti ársins 2019 og eldri frávikum hefur verið lokað. Rekstraraðila var bent á í eftirliti síðasta árs að yfirfara þykktarmælingar og þrýstiprófanir á olíumannvirkjum eins og krafist er í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Rekstraraðili hefur ekki sent niðurstöður mælinga til stofnunarinnar og því er nú skráð frávik vegna krafna í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þrýstiprófa skal neðanjarðarlagnir á 5 ára fresti og þykktarmæla olíugeyma á 10 ára fresti.

2. Rekstraraðili sendi inn minnisblað þar sem Mannvit tók saman yfirlit yfir ústreyymi og loftdreifingu frá verksmiðju Steinullar á Sauðárkróki. Niðurstaða þess er að ávinnungur af auknum útblásturhraða væri lítill. Styrkur efna í umhverfi verksmiðjunnar myndi lítið breytast þótt útblásturshraði yrði aukinn. Samkvæmt grein 2.4 í starfsleyfi þarf hæð skorsteins og útblásturshraði að vera nægilegur til þess að tryggja að ákvæði um loftgæði séu uppfyllt. Losun efna frá verksmiðjunni hafa verið mæld reglulega og verið innan marka starfsleyfis. Umhverfisstofnun ákvað því með vísan í grein 2.4 í starfsleyfi að heimila breytingu á lágmarksútblásturshraði og í bréfi frá 20. ágúst sl. ákvað að við óbreyttan rekstur og sambærilega efnanotkun væri lágmarksútblásturshraði í skorsteini 15 m/s.

Rekstraraðili hefur einnig farið fram á, með tilvísun í grein 4.8 í starfsleyfinu, að tilöni hljóðmælinga (hávaðamælinga) verði minnkuð og einungis verði krafa um hljóðmælingar einu sinni á starfsleyfistímabilinu. Hávaði í nágrenni verksmiðjunnar hefur í mælingum uppfyllt ákvæði reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Stofnunin hefur til athugunar að draga úr tilöni hljóðmælinga.

Rekstraraðili hefur einnig farið fram á, með tilvísun í grein 4.8 í starfsleyfi, að eftirlitsaðili heimili að dregið sé úr tilöni fráveitumælinga. Ónog gögn liggja fyrir um betta atriði til þess að hægt sé að taka afstöðu til þessa. Því verður áfram krafa um að mæla skuli olíu og svifagnir í fráveituvatni á tveggja ára fresti.

Eftir að Umhverfisstofnun, með bréfi frá 24. júní sl., ákvað að jarðefnagerð sem umbreytist í moltu rúmist ekki innan greinar 1.2 í starfsleyfi verksmiðjunnar ákvað rekstraraðili að senda inn umsókn um nýtt starfsleyfi og barst umsókn þann 18. ágúst sl. Nýlegar BAT-niðurstöður fyrir gler- (steinullar-) iðnað knýja líka á um gerð nýs starfsleyfis. Starfsleyfistillaga er í vinnslu hjá stofnuninni.

Í síðustu útblásturmælingu, frá október 2019, er ryk í útblæstri yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi. Hæst mældist ryk í sýni 132,9 mg/Nm<sup>3</sup>. Rekstraraðili hefur lokið aðgerðum sem talið er að lagi þetta en hefur ekki sýnt fram á árangur með nýrrí mælingu. Því skráist þetta sem frávik frá kröfum í starfsleyfi.

3. Nýleg reglugerð nr. 550/2018 kveður á um kerfisbundið mat á umhverfisáhættu til þess að ákvæða tilöni eftirlits. Í áhættumati síðast árs fékk Steinull einkunnina 12 og skal Umhverfisstofnun fara í árlegt eftirlit. Moltugerðin sem litið var á sem starfsemi án leyfis og afmörkun löðar og geymslusvæðis dregur matið niður en þar eru einnig mestir möguleikar til þess að fá betri útkomu úr áhættumati stofnunarinnar og þá að fækka eftirlitsferðum.

4. Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í eftirliti. Óskað var eftir því að rekstraraðili sendi stofnuniðni lista yfir olíugeyma á starfssvæðinu.

5. Í ágúst á síðasta ári varð eldsvoði í síuhúsi verksmiðjunnar. Minniháttar tjón varð á búnaði en ráðist var í endurnýjun í viðhaldsstoppum um síðustu jól og áramót. Eftir að mæling í október sýndi mikið ryk í útblæstri var ákvæðið að endurnýja hluta siuvirkisins og skipta um síupoka. Einig var skipt um afsogsblásara og öll rör og stokkar hreinsaðir. Aðstaða til sýnatöku við skorstein var líka bætt. Eins og áður kom fram hefur endurmæling á ryki í útblæstri ekki borist til stofnunarinnar.

Á yfirstandandi ári skal Steinull boða til samráðsfundar með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. Fyrir fundinn skal senda dagskrá fundarins og yfirlit yfir niðurstöður mælinga og skráninga, stöðu verksmiðjunnar gagnvart næstu nágrönum og lista upp væntanlegar breytingar í umhverfismálum s.s. umhverfisstjórnun í verksmiðjunni. Rætt var um í eftirliti að rafrænn samráðsfundur yrði haldinn þegar gerð nýs starfsleyfis væri lengra kominn og að starfleyfisgerðarfólk yrði boðið á fundinn.

#### Frávik frá


ákvæði í reglugerð nr. 884/2017

#### Lýsing á fráviki

þykktarmæla skal olíugeyma á 10 ára fresti og þrýstimæla niðurgrafnar olíulagnir á 5 ára fresti.  
Sýna skal fram á með mælingum að kröfum reglugerðarinnar sé mætt.

ákvæði í grein 2.2 í starfsleyfi: Hreinsun útblásturs

Ryk í útblæstri er í síðustu mælingu yfir losunarmörkum. Sýna skal fram á með mælingum að verksmiðjan standist losunarmörk sem sett eru í starfsleyfi.



## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að koma úrgangshaugum á baklóð í réttan farveg.
2. Óskað var eftir útfylltu Excel-skjali með upplýsingum um olíugeyma í starfsstöðinni.
3. Rekstraraðila var bent á að ljúka afmörkun geymslusvæðis sem skal vera með takmarkaðan aðgang óviðkomandi.
4. Rekstraraðili skal boða til samráðsfundar á árinu.


## ANNAÐ

Hlín Gísladóttir var með í eftirliti en hún vinnur að gerð nýs starfsleyfis Steinullar hf.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.10.2020

  
Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4